

6
5. jan.**Reikningur**

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Hannesar prestaskólakennara Árnasonar árið 1892.

Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. 1892 B. bls. 71):

a, innritunarskírteini ltra A fol. 103	34000,00	
b, veðskuldabrjef	5166,67	
c, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	1843,22	41009,89
2. Ársvextir:

a, af innritunarskírteini til 11. júní og 11. des. '92	1190,00	
b, — veðskuldabrjefum til 11. júní '92	221,99	
c, — fje í landsbankanum til 31. des. '92	31,82	1443,81
	Samtals kr. 42453,70	

Gjöld:

1. Líffje Sigríðar Árnadóttur, systur gefandans til 11. júní og 11. des. '92 400,00
2. Sjóður í árslok:

a, innritunarskírteini ltra A fol. 103	34000,00	
b, veðskuldabrjef	7033,34	
c, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	1020,36	42053,70
	Samtals kr. 42453,70	

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 5. janúar 1893.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

- 7
25. jan. — **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð.**
Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins, eptir að því hafði borizt þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 19. nóv. f. á., hefur hans hátign konunginum hinn 20. þ. m. allramildilegast þóknazt að samþykkja, að selja megi makaskiptum jörðina Mela í Svarfaðardal, tilheyrandi Urðakirkju í Eyjafjarðarprófastsdæmi, fyrir jörðina Klaufabrekkur í Svarfaðardal, þannig að af hinni fyrnefndu jörð verði eptirleidis svarað tíund og öðrum gjöldum til hins opinbera svo sem af öðrum bændaeygnum, en að hín síðarnefnda jörð verði hvað þetta snertir sett í flokk með öðrum kirkjujörðum.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

- 8
30. jan. — **Brjef landshöfðingja til stiðtsyfirvaldanna um umsjón kennenda hins lærða skóla með skemmtunum lærisveina.** — Eptir að mjer hefur borizt þóknanlegt álitsskjal yðar, herra amtmaður og herra biskup, viðvíkjandi fyrirspurn frá þremur föstum kennurum hins lærða skóla, yfirkennara Halldóri Friðrikssyni, adj.